

REGLUR

um breyting á reglum nr. 52 12. marz 1965 um breyting á reglum nr. 11 20.
janúar 1953, um eftirlit með skipum og öryggi þeirra.

1. gr.

5. málsgrein (5. fl.) í 128.1 gr. orðist þannig:

Skip sem eru 20 brl. og stærri og heyra ekki undir neinn ofangreindra flokka.

2. gr.

Á eftir 5. málsgrein í 128.1 gr. komi ný málsgrein svo hljóðandi:

6. fl.: Þilfarsskip minni en 20 brl.

3. gr.

128.9 gr. orðist þannig:

5. flokkur.

1. Skip í þessum flokki, 20 brl. og allt að 500 brl. skulu búin talstöð með að minnsta kosti 10 watta orku í loftnet, ómótuð burðarbylgja. Talstöðvarnar skulu vera krystalstýrðar og vera búnar tíðninni 2182 kr/s ásamt minnst 8 tíðnum öðrum, sem póst- og símamálastjórnin ákveður hverju sinni, vera reknar frá tvöföldu setti rafgeyma með góðum hleðslubúnaði, fjórföldum hnif, sem skiptir fjórum pólum á tvo vegu, með rofa til að rjúfa hleðslustrauminn.

Einnig er heimilt að reka stöðina frá einföldu setti rafgeyma, enda sé þá notaður sjálfvirkur hleðslubúnaður, sem jafnframt einangrar rafgeyma frá ljósneti skipsins.

Aldrei er heimilt að tengja ljósnet skipsins beint við talstöðina. Ef um einfalt sett rafgeyma er að ræða, skal það hafa næga rýmd til að reka stöðina ásamt einu viðtæki, undir fullu álagi í 6 klst. samfleytt, en séu settin tvö skal hvort um sig hafa nægilega rýmd til 5 klst.

Tölulíðir 2—5 að báðum meðtöldum haldast óbreyttir.

6. Öll skip í þessum flokki skulu búin neyðartalstöð skv. gr. 128.10.4. og auk aðalviðtækis einu viðtæki faststilltu á 2182 kr/s og skal það viðtæki gert fyrir þá tíðni eina.
7. Gerð skyldu-radíótækja, svo og gerð loftneta, jarðsambanda, hleðslubúnaðar og raflagna að slíkum tækjum, er háð samþykki og eftirliti póst- og símamálastjórnarinnar.

4. gr.

Á eftir 128.9 gr. komi ný grein svo hljóðandi:

6. flokkur.

1. Skip í þessum flokki skulu búin talstöð með að minnsta kosti 10 watta orku í loftnet, ómótuð burðarbylgja.
Talstöðvarnar skulu vera krystalstýrðar og búnar tíðninni 2182 kr/s og minnst 3 tíðnum öðrum, sem póst- og símamálastjórnin ákveður hverju sinni.
Skulu þær jafnan reknar frá einu setti rafgeyma, sem hafa nægilega rýmd til að reka stöðina ásamt viðtæki í 5 klst. að minnsta kosti.
2. Rafgeymar skulu ávallt vera vel blaðnir og ekki má nota þá til annarra hluta. Talstöðvarvörður skal sjá svo um að bæta á þá eimuðu vatni eftir þörfum og fylgjast reglulega með sýrunum með sýrumæli.

Æskilegt er að hleðslubúnaður sé sjálfvirkur, sem skammtar hæfilegan hleðslustraum fyrir geymana og skal hann þá jafnframt einangra þá frá ljósneti skipsins.

En sé um handstýrðan hleðslubúnað að ræða, skal vera sérstakur rofi við talstöðina, sem gerir mögulegt að rjúfa hleðslustrauminn, og einangra rafgeymana frá ljósneti skipsins jafnframt því, að þeir eru tengdir við radiótækin.

Þar sem því verður við komið, skulu rafgeymarnir vera staðsettir ofanþilja, ella skal þannig frá þeim gengið, að ekki stafi af þeim hættu.

3. Skipið skal búið einu viðtæki að minnsta kosti. Heimilt er að það sé krystalstýrt eingöngu á jafnmörgum tíðnum og talstöðin, eftir reglum póst- og síma-
málastjórnarinnar, þannig að viðtökutíðnir samsvari senditíðnum.
4. Flytjist skip milli landshluta getur orðið nauðsynlegt að skipta um sendi og við-
tökutíðnir þeirra, svo möguleg verði viðskipti við þá strandstöð, sem bezt hentar
hverju sinni. Annast radióverkstæði Landssímans eða menn í umboði þess,
slíkar breytingar.
5. Skip í þessum flokki, sem eru 15 brl. og stærri, skulu að auki búin neyðartal-
stöð samkv. gr. 128.10.4. og einu viðtæki faststilltu á 2182 kr/s og skal það við-
tæki gert fyrir þá tíðni eina.
6. Gerð skyldu-radiótækja, svo og gerð loftneta, jarðsambanda, hleðslubúnaðar
og raflagna að slíkum tækjum, er háð samþykki og eftirliti póst- og símamála-
stjórnarinnar.

5. gr.

Í 1., 2., 3. og 4. flokki bætist ný grein við samhljóða 7. gr. í 5. flokki og 6. gr. í 6. flokki.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970 um eftirlit með skipum, staðfestast til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 4. maí 1971.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

AUGLÝSING

um heilbrigðiseftirlit í Reykjavík.

Að gefnu tilefni tilkynnist, með vísun til heimildar í 253. gr. Heilbrigðissam-
þykktar fyrir Reykjavík, að sérstakt leyfi heilbrigðismálaráðs þarf til sölu á eftir-
töldum vörum í nýlenduvöruverzlunum í Reykjavík:

Nýjum, frystum, söltuðum eða reyktum fiski, kjöti og kjötvörum, sem ekki eru
niðursoðnar, mjólk, rjóma, skyri, salötum og öðrum neytluörum, sem viðkvæmar
eru að dómi heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. maí 1971.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Sveinn Jónsson.